

Til sveitarfélaga

Reykjavík, 4. desember 2019

Tilvísun ÞÍ: 2019061915/6.0

Þjóðskrá Íslands rekur og þróar Álagningarkerfið sem sveitarfélög landsins skulu, samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nota við álagningu fasteignagjalda. Hingað til hefur ekki verið í gildi samningur milli Þjóðskrár Íslands og sveitarfélaganna vegna reksturs kerfisins en ljóst er að nauðsynlegt er að slíkur samningur liggi fyrir milli aðila og þá sérstaklega eftir tilkomu nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Þjóðskrá Íslands hefur, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, útbúið þjónustusamning vegna Álagningakerfisins sem og viðauka við samninginn sem tekur á atriðum sem lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gera kröfu um.

Með vísan til framangreinds óskar Þjóðskrá Íslands eftir því að meðfylgjandi samningur og viðauki verði undirritaðir rafrænt. Til þess þarf upplýsingar um nafn, kennitölu og tölvupóstfang þess einstaklings sem undirritar fyrir hönd sveitarfélagsins. Sá aðili þarf að hafa rafræn skilríki.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Hjörtur Grétarson

Sviðsstjóri fasteignaskrársviðs